

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Selfoss, 5.1.2024
UST202301-240/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. október 2023 - Norðurá bs., Stekkjarvík

Þann 24. október sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurár bs í Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik frá árinu 2019 og eru verklok áætluð þann 1. maí 2024. Varðar frávikid hreinsun á sigvatni. Samkvæmt úrbótaáætlun sem lögð var fram af rekstraraðila er stækkun fyrirhuguð á urðunarhólfi og samfara því er gert ráð fyrir að hreinsivirki verði stækkað. Við eftirlit nú stóðu yfir framkvæmdir við stækkun urðunarhólfs.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Sjá þarf til þess að olúgeymir sem staðsettur er á starfsvæði rekstraraðila sé árekstrarvarinn.
2. Spilliefni sem eru geymd tímabundið á urðunarstað skulu geymd þannig að ekki komist vatn í þau.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að urða spilliefni á urðunarstað. Árið 2022 voru urðuð 179,4 tonn af innihaldi úr olúskiljum og sandföngum. Samkvæmt I viðauka reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, flokkast innihald úr olúskiljum og fast efni úr sandföngum sem spilliefni. (Ath. feiti og olúblanda frá olúskilju þar sem eingöngu er matarolía og -feiti er ekki flokkað sem spilliefni og ekki úrgangur úr sandfangi frá skólphreinsistöðvum).
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 og þurfa þær að innihalda allar skráningar sem eru upp taldar í gr. 5.1 í starfsleyfi. Vantaði inn einstaka þætti úr lið 7., sbr. gr.

- 5.2. **Rekstraraðili sendi inn skráningar á þeim hluta sem upp á vantaði eftir eftirlit, þ.e. skráningar á hauggassmælingum. Fráviki er lokið.**
3. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1. maí árlega fyrir undangengið almanaksár. **Útsreymisbókhaldi var skilað þann 9. maí. Fráviki er lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. janúar 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur